



Kennsluáætlun

Danska 2018-2019

10. bekkur

Kennari: Sigríður Ólöf Sigurðardóttir

Við vinnum í þemum allt skólaárið. Sérstök áhersla er lögð á talað mál og tjáningu. Kennslan fer fram á mjög fjölbreyttan hátt. Við munum nota kennslubækur, vinna heimavinnu, horfa á bíómyndir og æfa ritun og lestur með aðstoð tölva og skjávarpa. Við munum stunda talþjálfun og verkefnavinnu í þörum og hópum.

Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla 2013:

Hæfniviðmiðin skiptast upp í þrjú þrep og miða þau saman að þessum þáttum: hlustun, lesskilningi, samskiptum, frásögn, ritun, menningarlausni og námshæfni. Unnið er markvisst eftir Aðalnámskrá og þessir þættir hafðir að leiðarljósi.

Námsefni: við notum Snak Løs, You Tube, bókina Rejsen til Udgårdsløke, þætti og bíómyndir en einnig léttlestrarbækur, netið, iPad, leiki og fleiri kennslugögn sem detta inn hverju sinni.

	PEMA	VINNA
HAUSTÖNN	KOLDING ORÐAFORÐI TÓNLIST JÓL MATUR	Unnið úr Koldingferðinni, sýning. Við skoðum tónlistarmyndbönd og fleira á netinu. Leikir og spil. Við skoðum danskar heimasíður, m.a. tengdar jólum og mat. Föndur, söngur og sögur. Svo lærum við um danska matarmenningu. Markviss talþjálfun m.a. með Snak Løs.
VORÖNN	LAND OG MENNING SEINNI HEIMSSTYRJÖLDIN MÁLFRÆÐI	Áfram talþjálfun, við skoðum danskar heimasíður, málefni líðandi stundar. Við lærum um Jellingestenene, Holger danske og hernám nasista í Danmörku í seinni heimsstyrjöldinni. Málfræði.

Námsmat:

Símat framkvæmt allan veturinn. Kennari notar þrepamarkmið Aðalnámskrár við mat. Öll verkefni metin, sem og heimavinna og skil. Kennari notar stutt próf sem lögð eru fyrir í tímum.